



**Barnaheill**  
ÁRSSKÝRSLA 2020

# Stjórn og starfsmenn



**Barnaheill**

## Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2020–2021

### Stjórn

#### Framkvæmdateymi:

Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður  
Elísa R. Ingólfssdóttir, varaformaður  
Guðlaugur Kristmundsson, gjaldkeri

#### Aðrir stjórnarmenn:

Brynja Dan Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Elísabet Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
Gná Guðjónsdóttir, meðstjórnandi  
Páll Valur Björnsson, meðstjórnandi  
Birkir Már Árnason, varamaður  
Anni Haugen, varamaður  
Unnsteinn Manuel Stefánsson, varamaður

### Ungmennaráð

Klara Dröfn Tómasdóttir, formaður  
Sigrún Ósk Jónsdóttir, varaformaður  
Matthildur María Rafnsdóttir, ritari  
Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir, samfélagsmiðlar  
Anja Sæberg, meðstjórnandi  
Axel Ingi Hjálmarsson, meðstjórnandi  
Sigríður Erla Borgarsdóttir, meðstjórnandi

### Starfsmenn

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri  
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri og leiðtogi kynningarmála og erlendra verkefna  
Linda Hrönn Þórisdóttir, leiðtogi innlendra verkefna  
Ágústa K. Marísdóttir, bókarí  
Birna Guðmundsdóttir, gjaldkeri og þjónustufulltrúi  
Guðrún Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna  
Kolbrún Pálsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála og erlendra verkefna  
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra og Evrópuverkefna

Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna  
Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

### Kjörnefnd

Guðmundur Steingrímsson  
Helga Sverrisdóttir  
María Sólbergisdóttir

#### Til vara:

Ólafur Ó. Guðmundsson  
Þórarinn Eldjám

### Laganefnd

Anni Haugen  
Áslaug Björgvinsdóttir  
Birkir Már Árnason

#### Til vara:

Bryndís Bachmann Gunnarsdóttir  
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

### Skoðunarmenn reikninga

Ellen Blomsterberg  
Pétur Óli Gíslason

#### Til vara:

Helga Jónasdóttir  
Þórður Þórkelsson

### Fulltrúar í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands

Áslaug Björgvinsdóttir, aðalmaður  
Erna Reynisdóttir, varamaður

### Löggiltur endurskoðandi

Sigríður Ármannsdóttir

### Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir



Stjórn Barnaheilla 2020 - 2021. Á myndinni eru f.v.: Guðlaugur Kristmundsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson, Anni Haugen, Birkir Már Árnason, Harpa Rut Hilmarsdóttir, Elísa R. Ingólfssdóttir, Páll Valur Björnsson, Brynja Dan Gunnarsdóttir og Gná Guðjónsdóttir. Á myndina vantar Elísabetu Guðmundsdóttur.

## Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni og framkvæmdastjóra
- 4 Líf og þroski
- 6 Vernd barna gegn ofbeldi
- 8 Menntun
- 9 Þátttaka
- 10 Fjáröflun
- 11 Tekjur og gjöld 2020
- 12 Erlent starf
- 14 Þakkir

### Ársskýrsla 2020

Barnaheill – Save the Children á Íslandi  
Reykjavík, maí 2021  
Prentun: Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja  
Forsíðumynd: Blær þvær sér um hendur

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Samtökin eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í um 120 löndum.

Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var ein fyrsta baráttumanneskjan fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélag.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Vefsíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er [barnaheill.is](http://barnaheill.is).

# Frá formanni og framkvæmdastjóra

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vinna einbeitt að réttindum og velferð barna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Tilgangur samtakanna er að stuðla að heimi þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs og þroska, menntunar, verndar og áhrifa í samfélaginu.

Árið 2020 var viðburðaríkt hjá Barnaheillum og í senn óhefðbundið í ýmsum skilningi þess orðs. Heimsfaraldurinn Covid-19 hafði mikil áhrif í samfélaginu og var starfsemi samtakanna þar ekki undanskilin. Skrifstofu Barnaheilla var lokað tímabundið, starfsmenn unnu heiman frá og færðust allir fundir yfir á rafrænt form. Námskeið og fundir sem fram fóru ýmist í húsakynnum samtakanna eða víða um landið féllu niður í upphafi faraldursins en voru síðar skipulagðir með rafrænu sniði. Það tók smá tíma fyrir starfsmenn og stjórn að venjast breyttum aðstæðum en áhersla var lögð á frá upphafi að skerða starfsemi samtakanna sem allra minnst. Með öflugum samtakamætti og aðlögunarhæfni stjórnar og starfsfólks héldu Barnaheill áfram að blómstra og dafna á árinu sem aldrei fyrr.

Megin áhersla Barnaheilla er sem fyrr vernd gegn ofbeldi á börnum. Umfangsmesta verkefni Barnaheilla undanfarin ár hefur verið forvarnarkerfið **Vinátta** og var árið 2020 engin undantekning. Ráðist var í mikla vinnu við endurútgáfu grunnskólaefnis Vináttu fyrir 1.-4. bekk og var námsefnið gefið út að nýju í ágústmánuði. Stendur öllum grunnskólum landsins nú til boða að vinna með Vináttu. Yfir 60% leikskóla, 25% grunnskóla og nokkur frístundaheimili vinna með Vináttu í dag.

Verndarar barna er fræðslu- og forvarnaefni Barnaheilla gegn kynferðisofbeldi. Hryggjarstykkið í verkefninu er námskeið þar sem kenndar eru leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Auk þess er fræðsla til barna og unglinga og stuðningur við aðstandendur þolenda kynferðisofbeldis hluti af verkefninu. Heildarfjöldi þeirra sem fengu fræðslu og stuðning á árinu 2020 var 4.861 einstaklingar.

Á árinu 2020 var ráðist í kynningarátak á nýrri tilkynningarsíðu Ábendingalínunnar. Alls bárust 133 tilkynningar til Ábendingalínunnar á árinu og þar af voru 62 sem vörðuðu kynferðisofbeldi gegn börnum á neti. Heildarfjöldi tilkynninga til Ábendingalínunnar jókst um 47% á milli ára.

Gerðar voru umsagnir um 32 lagafrumvörp, þingsályktunartilögur og reglugerðir á árinu 2020. Til Barnaheilla leituðu tæplega 30 manns ráðgjafar vegna mála af ýmsum toga, s.s. forsjármála, eineltismála eða grunsemda um vanrækslu eða ofbeldi.

Ungmennaráð Barnaheilla sem var endurvakið árið 2019 hittist reglulega í byrjun árs en með samkomutakmörkunum í kjölfar Covid-19 færðust fundir ráðsins yfir á rafrænt form. Formaður ráðsins er Klara Dröfn Tómasdóttir háskólanemi.

Viðurkenning Barnaheilla var að venju veitt við hátíðlega athöfn þann 20. nóvember á afmælisdegi Barnasáttmálans. Guðmundur Fylkisson lögregluvarðstjóri hlaut viðurkenninguna að þessu sinni fyrir störf í þágu barna og ungmenna sem eru í vanda og þá nálgun sem hann hefur í samskiptum sínum við þau.

Dagur mannréttinda barna var einnig haldinn á afmælisdegi Barnasáttmálans í samstarfi Barnaheilla, dómsmálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Var dagurinn að vanda tileinkaður fræðslu um mannréttindi barna. Barnaheill tóku þátt í gerð viðbótarskýrslu félagasamtaka til Barnaréttarnefndar Sp um framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi, endurgerð á fræðsluefni um Barnasáttmálann og mánaðarlegum greinaskrifum um ákvæði hans.



*Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður.*

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin í níunda sinn á vormánuðum. Virðist þörf fyrir hjól síst fara minnkandi. Um 350 hjólum var úthlutað í samstarfi við félagsþjónustur, grunnskóla og félagasamtök. Um metfjölda úthlutaðra hjóla var að ræða að þessu sinni þrátt fyrir að erfiðara gekk að fá sjálfbóðaliða til starfa vegna samkomutakmarkana. Verkefnið hefur nú löngu sannað gildi sitt við að efla börn félagslega, líkamlega og andlega auk þess að stuðla að bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

Á aðalfundi Barnaheilla, 11. maí 2020 var ný stjórn Barnaheilla kjörin. Úr stjórn Barnaheilla gekk Guðmundur Steingrímsson og er honum þökkud hans störf í þágu samtakanna. Elísa Ingólfsdóttir var endurkjörin varaformaður og Brynja Dan Gunnarsdóttir endurkjörin í stjórn. Guðlaugur Kristmundsson var auk þess kjörinn aðalmaður í stjórn, Anni Haugen varamaður og Unnsteinn Manuel Stefánsson kom inn sem nýr varamaður. Þá urðu einnig breytingar á starfsmannahaldi samtakanna. Kolbrún Pálsdóttir var ráðin verkefnisstjóri kynningarmála og erlendra verkefna. Nýjum stöðugildum var komið á innan samtakanna og ráðið var í starf aðstoðarframkvæmdastjóra auk þess sem starfsheitið leiðtogi erlendra verkefna og kynningarmála urðu að veruleika. Var Guðrún Helga Jóhannsdóttir ráðin í þær stöður. Einnig var sett á stofn staða leiðtoga innlendra verkefna sem Linda Hrönn Þórisdóttir var ráðin í. Sú staða var stofnuð til eins árs til reynslu. Með ört stækkandi samtökum og auknum umsvifum taldi stjórn samtakanna mikilvægt að koma á þessum stöðugildum og eru miklar vonir bundnar við að með þessari ákvörðun munu samtökin verða enn öflugri málsvari allra barna.

Stjórnarfélagi, starfsfólki, ungmennaráði, sjálfbóðaliðum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkar fyrir gott samstarf á árinu.

*Fyrir hönd stjórnar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi  
Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður  
Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri*

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni barna. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á mál sem það varðar.**

## ALMENN RÉTTINDABARÁTTA



### Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013, með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna.

Á árinu unnu Barnaheill að gerð viðbótarskýrslu við 5. og 6. skýrslur Íslands til Barnaréttarnefndarinnar í Genf sem fylgist með framfylgd Barnasáttmálans í aðildarríkjum hans. Skýrslan var unnin í samstarfi níu félagasamtaka og var henni skilað til nefndarinnar í mars 2020. Fulltrúi Barnaheilla sat í ritstjórn skýrslunnar.

Námsvefurinn barnasattmali.is var opnaður í nýrri mynd eftir endurgerð hans í samstarfi Barnaheilla við UNICEF, Umboðsmann barna og Menntamálastofnun. Verkefnið var styrkt af ríkisstjórn Íslands.

### Dagur mannréttinda barna

Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var árið 2016 falið að sjá um framkvæmd á Degi mannréttinda barna í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og innanríkisráðuneytið. Barnaheill hafa með margvíslegum hætti hvatt kennara og skólástjórnmendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að fræða nemendur um réttindi þeirra og hafa daginn í hávegum. Að þessu sinni var starfsfólk allra þriggja

skólástiganna hvatt til að notast við tvenns konar verkefni sem kennarar gátu útfært fyrir nemendur í tilefni dagsins. Annars vegar að hvetja nemendur til að skrifa sögur og teikna myndir undir yfirskriftinni „Lífið á dögum Covid-19“ og að halda nemendaping í skólanum þennan dag. Allir skólar fengu sent skjal með drögum að uppsetningu og framkvæmd slíks þings. Þá var hvatt til þess að senda samtökunum niðurstöður þinganna svo þau hefðu færi á að koma þeim á framfæri til stjórnvalda.

### Fátækt barna á Íslandi

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa á undanförunum árum tekið þátt í starfi Evrópuhóps Save the Children þar sem fátækt barna í Evrópu hefur verið könnuð. Á árinu 2020 var áframhaldandi samvinna Evrópuhóps Save the Children um málefnið þar sem ekki síst var skoðað hvernig Covid-19 heimsfaraldurinn hefur áhrif á stöðu barna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sent stjórnvöldum áskoranir um að uppræta fátækt og að tryggja öllum börnum þau réttindi sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, án nokkurrar mismununar. Samtökin taka þátt í velferðarvakt velferðarráðuneytisins þar sem unnið er með málefni þeirra sem búa við fátækt.

### Umhverfisstefna Barnaheilla og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Barnaheill hafa sett sér umhverfisstefnu sem nefnist *Ein jörð fyrir öll börn – um ókomna tíð*. Samtökin vilja með starfi sínu

vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri umhverfisvá sem bitnar á velferð barna og þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í störfum sínum í þágu barna hafa samtökin því sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til að jörðin verði áfram byggileg þarf að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, minnka sóun, vinna gegn loftslagsbreytingum, vernda vistkerfi, vinna að jöfnuði í heiminum, gæta jafnræðis, auka menntun og uppræta fátækt. Jafnframt þarf að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku barna og ungmenna og taka mið af fjölbreytileika samfélaga. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar skal huga jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum. Við alla ákvarðanatöku, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum Barnaheilla skal leitast við að neikvæð áhrif á fólk, umhverfi og náttúru séu í lágmarki. Barnaheill telja mjög mikilvægt að allir sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra taki skýra afstöðu í orði og verki gegn loftslagsbreytingum því þær eru helsta ógn velferðar barna til framtíðar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eiga að stuðla að sjálfbærri þróun. Á árinu 2017 voru sett markmið til þriggja ára sem hefur flestum verið náð. Þar má telja að nota einungis umhverfisstofuðar hreinsivörur, fjölnota ílát og áhöld, pappírslaus samskipti, lágmarka plastnotkun og skilti fyrir utan skrifstofu þar sem hvatt er til þess að hafa ekki bíla í gangi að óþörfu. Árið 2020 hófu Save the Children International að vinna að umhverfismálum með því að skrásetja kolefnisspor allra meðlimaog tóku Barnaheill að sjálfsögðu þátt í því.

Á árinu 2020 héldu Barnaheill áfram að kortleggja verkefni samtakanna út frá Heimsmarkmiðunum og verða Heimsmarkmiðin og umhverfisstefnan enn frekar samþætt allri vinnu samtakanna.

### HEILBRIGÐISMÁL



Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta



besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með lækniástoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Á undanförunum þremur árum hafa Barnaheill tekið þátt í samstarfi með Þroskahjálp og fleiri samtökum til að skoða sérstaklega stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna á Íslandi. Skoðun hefur leitt í ljós að veruleg þörf er á að bæta þjónustu og upplýsingagjöf til fjölskyldna fatlaðra barna af erlendum uppruna. Helstu hindranir fyrir því að þessi börn njóti nægilegs stuðnings eru tungumálaörðugleikar, lítil skilningur og þekking á þjónustukerfum við fötlud börn sem og viðkvæm fjárhagsstaða. Afrakstur vinnunnar eru fræðslumyndbönd sem Þroskahjálp stóðu fyrir að gera um réttindi fatlaðra barna af erlendum uppruna. Þau er hægt að nálgast á heimasíðu Þroskahjálpar, [www.throskahjalp.is](http://www.throskahjalp.is)

## Rekstur íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill eiga íbúð í Reykjavík, sem ætluð er fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu. Íbúðin er á Skúlagötu og voru dvalardagar 106 á árinu 2020 sem er 29% nýting. Það er töluvert minni notkun en undanfarin ár.

## MÁLVARAHLUTVERK BARNAHEILLA

Barnaheill taka virkan þátt í lýðræðislegri umræðu og er málvarahlutverkið mikilvægur liður í starfi samtakanna í þágu barna. Barnaheill þrýsta á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna hér á landi sem og erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Á árinu 2020 sendu samtökin frá sér alls 32 umsagnir. Allar umsagnir Barnaheilla má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum **Starfið okkar – Gætum réttinda barna**. Samtökin senda einnig reglulega greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum **Fræðsla**.



Herra Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla, Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður stjórnar Barnaheilla og Viðurkenningarhafinn Guðmundur Fylkisson.

## Ráðgjöf


Einn þáttur í starfi Barnaheilla er ráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Rúmlega 30 erindi bárust á árinu 2020. Málín voru af ýmsum toga og vörðuðu m.a.; börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi, netöryggi barna, forsjármál, umgengismál, eineltismál, grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

## Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er veitt til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Árið 2020 hlaut Guðmundur Fylkisson Viðurkenningu Barnaheilla fyrir störf í þágu barna og ungmenna sem eru í vanda og þá nálgun sem hann hefur í samskiptum sínum við þau. Guðmundur leggur sig fram um að nálgast ungmenni af virðingu og nærgætni til að auka ekki á vanlíðan þeirra og skaða.

Þrátt fyrir að hann starfi fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar hann við leit að börnum alls staðar af landinu. Guðmundur leggur sig fram um að varast staðalímyndir því börnin sem hann leitar að eru á ýmsum aldri og með mismunandi bakgrunn og bakland þeirra missterkt.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Vegna gildandi takmarkana Almannaþingar vegna Covid-19 var athöfninni streymt rafrænt. Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti hver hlyti viðurkenninguna. Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti ávarp og afhenti viðurkenninguna. Guðmundur Steingrímsson, fyrrum stjórnarmaður í stjórn Barnaheilla stýrði athöfninni.



# Vernd barna gegn ofbeldi

## VERNDARAR BARNNA

Markmið *Verndara barna* er að vernda börn gegn kynferðisofbeldi og skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum bjóðast góðar og gagnlegar leiðir til að vernda börnin.



Með fræðslu er stuðlað að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi.

### Námskeið

Viðamesta verkefnið undir hatti *Verndara barna* er samnefnt námskeið. Markmið námskeiðsins er að kenna leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í mikilvægum skrefum til að auka vitneskju um það hvernig megi koma í veg fyrir ofbeldi, hvernig bregðast megi við, ásamt upplýsingum um hvernig tilkynna á um grun um ofbeldi. Fræðsluefni sem fylgir námskeiðinu inniheldur myndefni og vinnubók. Efnið er byggt á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum. Í myndefninu koma fram sérfræðingar sem starfa með börnum auk þolenda sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Rannsóknir á eldra efni sem notað var á námskeiðunum sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun. Hafið er samstarf við Háskólann á Akureyri um að gera úttekt á áhrifum nýja efnisins.

### Forvarnir til að fyrirbyggja

Fræðsla og forvarnir um kynferðisbrot gegn börnum aðstoða fólk við að greina á milli fyrirbyggjandi aðgerða og leiðbeininga þegar ofbeldið hefur átt sér stað. Forvörnum er gjarnan skipt í þrjú stig, fyrsta, annars og þriðja stigs forvarnir. Boðið er upp á fræðslu og þjónustu á öllum stigunum á vegum forvarnaverkefnis Barnaheilla Verndara barna.

*Fyrsta stigs forvarnafræðsla* felur í sér fræðslu til fullorðinna, fjölskyldna og samfélagsins í heild. Mikilvægasta markmiðið er að koma í veg fyrir ofbeldi áður en það á sér stað. Bókin Einkastaðir líkamans hefur m.a. að geyma fræðslu fyrir foreldra og fagfólk sem vinnur með börnum.

Heiti	Fjöldi
Fullorðnir gerðust Verndarar barna með því að sækja samnefnt námskeið	219
Þjálfaðir sem leiðbeinendur á námskeiðinu Verndarar barna	3
Ráðgjöf	33
Fyrirlestur um forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota	284
Fræðslukvöld foreldra	24
Lífsleikni fyrir unglunga	262
Börn í þriðja bekk sem sáu fræðslumyndina Leyndarmálið	3936
Heildarfjöldi þeirra sem fengu fræðslu 2020	4861

*Annars stigs forvarnafræðsla* er með það að markmiði að fræða börn um kynferðisofbeldi, setja sér og öðrum mörk og hvert er hægt að leita sér aðstoðar ef þau verða fyrir slíku ofbeldi. Boðið er upp á fræðslu um *lífsleikni* í grunnskólum fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að. Kennarar nemenda í 3. bekk grunnskóla eru sérstaklega hvattir til að sýna nemendum myndina Leyndarmálið og fá send bókamerki til að minna á hana. Auk þess er námsefnið *Bellanet* ætlað fyrir unglunga í félagsmiðstöðvum og eru reglulega haldin námskeið fyrir starfsfólk þeirra.

*Þriðja stigs forvarnafræðsla* snýr að því að aðstoða þolendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Þegar börn segja frá eftir að hafa hlotið fræðslu er mikilvægt að málin fari í réttan farveg. Stuðningur við foreldra og aðstandendur barna sem segja frá ofbeldi er þjónusta sem Barnaheillveita með mánaðarlegum fræðslukvöldum undir handleiðslu sálfræðinga.

### Verndarar barna - Fræðsla 2020

Fræðsla til fullorðinna fer að mestu fram meðal starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Vegna Covid-19 fluttust námskeið *Verndara barna* yfir á zoom og gekk það vonum framar: Lífsleikni í grunnskólum var hins vegar frestað í öllum tilvikum eftir 1.mars.

### VINÁTTA – FRI FOR MOBBERI

Árið 2014 undirrituðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samstarfssamning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet – Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri for mobberi*, forvarnaverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Á Íslandi fékk námsefnið heitið *Vinátta*.

*Vinátta* byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og

gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir *Vinátta* á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins.

*Vinátta* felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólalag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

Hér á landi kom fyrst út námsefni fyrir börn 3ja-6 ára í leikskóla, síðan fyrir börn yngri en þriggja ára og á árinu 2020 kom út endurbætt efni fyrir 1.- 4. bekk grunnskóla og frístundaheimili eftir þróunarvinnu frá árinu 2017. Útgáfuleið á því námsefni var haldin með rafrænum hætti og flutti forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson ávarp, en hann er verndari *Vinattu* á Íslandi. Jafnframt kom út ný sögubók fyrir leikskóla og nefnist hún *Vinátta í leikskólanum*.



# Vernd barna gegn ofbeldi



## Heiti

	Fjöldi
Námskeið fyrir leikskóla	14
Námskeið fyrir grunnskóla	6
Námskeið fyrir frístund	1
Kynningar fyrir grunnskóla	1
Kynningar fyrir leikskóla	4
Tónlistarnámskeið	2
Samtals fjöldi námskeiða og kynninga	28
Áætlaður fjöldi þátttakenda	700

Ábendingalínan er hluti af SAFT verkefninu sem er í samvinnu við Heimili og skóla og Rauða krossinn sem rekur Hjálparsimann 1717. SAFT verkefnið er styrkt af Evrópu-sambandinu. Barnaheill eru meðlimir í Inhope, regnhlífásamtökum ábendingalína um allan heim. Með þátttöku í þeim samtökum taka Barnaheill þátt í að vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti hvar sem er í heiminum.



Í lok árs 2020 var fjöldi leikskóla sem vinna með námsefnið orðinn tæplega 160 eða rúmlega 60% leikskóla á Íslandi, 25% grunnskóla og nokkur frístundaheimili.

Mikil ánægja er með *Vináttu* hjá þeim skólum sem nýta efnið og eflir *Vináttu* bæði félagsfærni barna og samkennd.


Barnaheill héldu fjölda námskeiða *Vináttu* fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla auk frístundaheimila. Flest námskeiðin voru fjar-námskeið, ekki síst vegna sóttvarnarástafanna á árinu.

## Ábendingalína Barnaheilla

Frá árinu 2001 hafa Barnaheill rekið Ábendingalínu um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu sem varðar börn, í samstarfi við Ríkislögreglustjóra. Á árinu 2020 var ráðist í kynningarátak á nýrri tilkynningasiðu Ábendingalínunnar sem byggði á myndbandi sem framleitt var í samstarfi við Rán Flygenring og Sebastian Ziegler. Alls bárust 133 tilkynningar til Ábendingalínunnar á árinu og þar af voru 62 sem vörðuðu kynferðisofbeldi gegn börnum á neti. Heildarfjöldi tilkynninga til Ábendingalínunnar jókst um 47% á milli ára.



Á hverju ári berast yfir hundrað þúsund tilkynningar til ábendingalína innan Inhope. Á aðalfundi Inhope í júlí var fulltrúi Barnaheilla kjörinn í stjórn samtakanna, til tveggja ára. Vegna kórónuveirufaraldursins voru ráðstefnur samtakanna haldnar á netinu með góðum árangri.



## FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGAR-STARF



Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mann-úðarmálum barna. Námsfólk, skólar, önnur samtök og opinberir aðilar leita til Barnaheilla eftir upplýsingum og fræðslu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkygningar og blaðagreinar frá Barnaheillum eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook.

## FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna. Á vefsíðu samtakanna, [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is), er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn [barnasattmali.is](http://barnasattmali.is), var nýlega endurnýjaður og opnaður í nýrri mynd þann 20. nóvember, en þær Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra opnuðu síðuna formlega á viðburði sem haldinn var á netinu. Á hinum endurnýjaða vef, er að finna fræðslu um mannréttindi barna. Margt nýtt og spennandi er á vefnum sem auðveldar fræðslu um þau. Þar er Barnasáttmálinn birtur með barnvænum texta, hann er táknaóstúlkaður og á vefnum er vefpula sem hentar blindum og sjónskertum. Hann hefur jafnframt að geyma heildartexta Barnasáttmálans og Barnasáttmálann á mörgum tungumálum. Vefurinn er að hluta til þýddur á ensku og pólsku og er það gert til að höfða til foreldra barna á Íslandi með annað móðurmál en íslensku.



Ungmennaráð Barnaheilla. Á myndinni eru f. v. Sigrún Ósk Jónsdóttir, Klara Dröfn Tómasdóttir, Axel Ingi Hjálmarsson og Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir. Á myndina vantar Önu Sæberg, Sigríði Erlu Borgarsdóttur og Matthildi Maríu Rafnsdóttur

Enn fremur eru á vefnum upplýsingar fyrir börn um hvert þau geti leitað ef þau þurfa hjálp.

Síðast en ekki síst eru fjöldamörg verkefni til að nýta í kennslu um mannréttindi barna og skiptast þau í aldursflokka, fyrir 6-9 ára, 10-12 ára og 13-18 ára börn.

Hinn nýi Barnasáttmálavefur var samstarfsverkefni Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, sem fór með verkefnastjórn, UNICEF á Íslandi og Umboðsmanns barna í samstarfi við Menntamálastofnun. Verkefnið var styrkt af ríkisstjórn Íslands, að tilöggu frá forsætisráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er vefurinn ætlaður til notkunar fyrir börn á öllum aldri.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út fræðsluefni sem afhent er foreldrum í ung- og smábarnavernd. Annars vegar er um að ræða veggspjald um slysvarnir barna sem nefnist **Örugg börn** og hins vegar bókina **Þetta er líkaminn minn** sem fjallar um einkastaði líkamans og rétt barna til að setja sér mörk þegar kemur að eigin líkama. Fulltrúar Barnaheilla fara víða með fræðsluerindi um mannréttindi barna, forvarnir og vernd gegn ofbeldi. Færri slík erindi voru á árinu 2020 vegna takmarkana í samfélaginu en hluti af þeirri fræðslu fór fram í rafrænu formi..

## ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA



Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að

tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrst betur í íslensku samfélagi.

## Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13–25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra.

Á árinu 2020 fundaði ungmennaráð Barnaheilla reglulega en töluverð endurnýjun var á stjórn þess á árinu á undan þar sem fyrrum félagar héldu að mestu til annarra starfa, vegna aldurs og til framhaldsnáms. Stjórnina skipa: Klara Dröfn Tómasdóttir, formaður og meðstjórnendur eru Sigrún Ósk Jónsdóttir, Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir, Anja Sæberg, Axel Ingi Hjálmarsson, Sigríður Erla Borgarsdóttir og Matthildur María Rafnsdóttir.



## INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í víðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi. Samtökin starfa í nánun samstarfi við umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi. Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðarvaktar velferðarráðuneytis frá stofnun hennar árið 2009 og eiga samtökin fulltrúa í báðum samráðshópum vaktarinnar. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála. Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannuðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Barnaheill eru einnig aðilar að Almannaheillum – samtökum þriðja geirans og eiga fulltrúa í stjórn þeirra.

## SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu. SAFT er vakningaráttak um örugga net- og tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Connecting Europe facility (CEF), og nýtur fjárstuðnings Evrópusambandsins á grundvelli netöryggishluta samgönguáætlunar ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins og hjálparsími Rauða krossins 1717.is annar; en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun.

## SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Hefðbundin verkefni SAMAN-hópsins eru að framleiða segla með útivistarreglum sem sveitarfélög sjá um dreifingu á, sending skilaboða til foreldra barna í lok 10. bekkjar og í upphafi framhaldsskólagöngu til að minna á 18 ára ábyrgð foreldra, ýmis jákvæð skilaboð til foreldra í gegnum samfélagsmiðla, hvatning til að njóta tímamóta saman svo sem með jóladagatali fyrir jólin, á áramótum, menningarmótt og yfir sumartímenn. Vefsvæði hópsins er samanhópurinn.is, en heimasíðan var endurnýjuð á árinu, og er hópurinn jafnframt með Facebook-síðu. Störf SAMAN-hópsins hafa vakið athygli

erlendis undanfarin ár, m.a. vegna hins góða árangurs sem Íslendingar hafa náð í að minnka áfengisneyslu barna og ungmenna á undanförmum áratugum. Fulltrúi Barnaheilla hefur tekið að sér að kynna SAMANhópin fyrir áhugasömum erlendum sveitarfélögum og samtökum.

## Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn Náum áttum skipuleggur morgunverðarfundum um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstöðu. Fundirnir voru talsvert færri en verið hefur undanfarið ár vegna samkomutakmarkanna en þeir færðust svo yfir á fjárfundabúnað og var fundunum streymt. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2020 var líðan ungmenna á tímum Covid-19, staða íslenskra ungmenna og barna, rafsigarettur og forvarnir gegn vímuefnum í grunnskólum. Vefsvæði hópsins er naumattum.is og hópurinn er jafnframt með Facebook-síðu.

## Hjólásöfnun

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin níunda árið í röð í samvinnu við Æskuna, barna-hreyfingu IOGT og endurvinnslustöðvar SORPU. Markmið hjólásöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og geti þar með verið þátttakendur í samfélagi barna með auknum hætti og að þau eflist þar með félagslega og heilsufarslega, jafnt líkamlega sem andlega. Að auki getur verkefnið stuðlað að valdeflingu barna, bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð. Hjólásöfnunin hófst formlega þann 30. mars í móttökustöð SORPU við Sævarhöfða.

Félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason gaf fyrstu hjólin í söfnunina og tók Elsa Margrét Þórðardóttir við fyrstu hjólunum fyrir hönd barna.

Hjólum var safnað á móttökustöðvum SORPU sem eru um allt höfuðborgarsvæðið og þaðan voru þau sótt á verkstæði sem við höfðum að þessu sinni að Smiðshöfða 7 í Reykjavík. Það var Fasteignafélagið Eik sem lánaði húsnæðið. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Hjólunum var úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaga, grunnskóla, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Rauða krossinn, Kvennaathvarfið og Hjálparstarf kirkjunnar.

Um 600 hjól söfnuðust og um 350 hjólum var úthlutað. Margir komu að stuðningi við verkefnið og má þar nefna Eimskip Flytjanda, Dominos, Bílaleigu Akureyrar, Krónuna, Íslenska gámafélagið, Gámastöðina, Hringrás, NI, Fossberg og Kiwanis í Hafnarfirði.

## Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, meðal annars í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu. Árið 2020 tóku samtökin virkan þátt í starfi yfirhóps og hóps um fátækt. Samstarfið var að þessu sinni einungis rafrænt.





Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, Guðrún Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Verndara barna og Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

## FJÁRÖFLUN

### Út að borða fyrir börnin

Árlegt fjáröflunaráttak Barnaheilla, Út að borða fyrir börnin fór fram í títunda sinn frá 15. febrúar til 15. mars. Heimsfaraldurinn setti töluvert strik í reikninginn enda átakið í upphafi samkomubanns en þrátt fyrir það söfnuðust um 2,5 milljón þetta árið. Að vanda rann söfnunarféð í verkefni Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

### Landssöfnun

Árlega standa Verndarar barna fyrir landsöfnun til að halda áfram baráttunni fyrir vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Með söfnuninni er einnig verið að vekja athygli á alvarleika kynferðisafbrotá á börnum og að gæta þurfi að velferð barna í hvívetna. Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson tók þátt í að hefja söfnunina árið 2020 líkt og síðustu ár, með því að koma akandi

á elsta forsetabílnum í fylgd mótorkjólakappa B.A.C.A (Bikers against child abuse). Um 17.000 manns fylgjast með Verndurum barna á Facebook. Þar eru birt ráð og leiðbeiningar, upplýsingar um verkefnið og fræðslu framundan.



Lyklakippa og ljós sem selt var 2020. Mynd: landssöfnun auglýsing.

### Jóla kort

Sala jóla korta er afar mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á fjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Í ár var ekki útbúið nýtt jóla kort, heldur voru öll þau fallegu kort sem hafa verið útbúin undanfarin ár seld.

## HEILLAGJAFIR

Á árinu opnuðu Barnaheill glæsilega vefverslun á slóðinni [www.heillagjafir.is](http://www.heillagjafir.is).

Með Heillagjöf er stutt við mest aðkallandi verkefni innan viðeigandi verkefnasviðs Barnaheilla á hverjum tíma.




Sala á Heillagjöfum fór fram úr björtustu vonum og hlakka samtökin til að þróa áfram og bæta þessa nýju fjáröflunarleið samtakanna.


# Tekjur og gjöld 2020

Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru samtals tæplega 170 milljónir. Rúmlega 50% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáraflana. Rekstrargjöld voru um 171 milljón, þar af runnu 72% beint í verkefni samtakanna. Reksturinn var í ágætu jafnvægi og var tap með fjármagnsliðum um 2,1 milljónir á árinu sem skýrist að hluta af breyttum bókunaraðferðum.

## SKIPTING TEKNA



## SKIPTING GJALDA





Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggjast á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

Drengur í flóttamannabúðum í norðurhluta Sírylands.

## MANNÚÐARAÐSTOÐ BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI



Í mars 2020 sendu samtökin með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu tæplega 18 milljónir íslenskra króna til stuðnings jemenskum börnum og fjölskyldum þeirra innan landamæra Jemen. Helmingur fórnarlamba átakanna í Jemen eru börn og frá því að átökin hófust hefur öryggi þeirra verið verulega ógnað, grunnþjónustu margra þeirra hefur ekki verið mætt og eru áhrifin á velsæld þeirra gifurleg. Markmið verkefnanna er að lina þjáningar barna og fjölskyldna þeirra sem eru fórnarlömb átakanna í Jemen. Verkefnin snúa að grundvallarmannréttindum barna, verndun barna, fæðuöryggi, heilsu, hreinlætisaðstöðu, næringu og menntun.

Í desember 2020 sendu Barnaheill með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu rúmar 29 milljónir til stuðnings sírylenskum börnum og fjölskyldum þeirra innan landamæra Sírylands og í flóttamannabúðum í nágrennarlöndum. Markmið verkefnanna er að lina þjáningar barna og fjölskyldna þeirra sem eru fórnarlömb átakanna í Sírylandi.

Verkefnin snúa að barnavernd, heilbrigðisþjónustu, húskajóli, fæði og lífsviðurværi, hreinlætisaðstöðu, næringu og menntun barna. Lögð er áhersla á fórnarlömb á veggangi innan Sírylands, ennfremur er sérstök áhersla lögð á börn undir fimm ára aldri, barnshafandi konur og mæður með börn á brjosti auk forráðamanna barna undir tveggja ára.

Barnaheill studdu einnig við verkefni í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó í desember 2020 og sendu með stuðningi utanríkisráðuneytisins 33 milljónir til Kongó til að styðja við börn og fjölskyldur þeirra í Suður Kivu. Verkefnið miðast að því að vernda börn gegn ofbeldi, misnotkun, útskúfun og vanrækslu, auk þess að vernda börn fyrir því að vera neydd til að ganga til liðs við vígahópa og styðja við þau börn sem hafa þegar verið neydd til þess. Verkefnið miðar að því að ná þessu fram með því að styðja við barnvæn svæði og samfélagslega leidda barnavernd og bjargráð. Hluti af starfi Barnaheilla í Kongó er eins árs tilraunaverkefni í að innleiða BellaNet aðferðafræðina á barnvænum svæðum í Suður Kivu.

## MANNÚÐAR- OG NEYÐAR- AÐSTOÐ ALÞJÓÐASAMTAK- ANNA

Mannúðar- og neyðaraðstoð er ein af meginstöðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í neyðar- og mannúðaraðstoð á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í um 120 löndum eru þau oftast en ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða, og geta því brugðist fljótt við neyð. Í mannúðaraðstoð gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á áttaksvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.



Barnaheill – Save the Children vinna að neyðaraðstoð í Jemen. Á myndinni má sjá ánægð jemensk systkini sem njóta stuðnings samtakanna.

## SKÝRSLUR ALPJÓÐA-SAMTAKANNA

Á árinu 2020 gáfu alþjóðasamtök Barnaheilla - Save the Children út skýrsluna **Stop the War on Children: Gender Matters**. Í skýrslunni er fjallað um ofbeldi gegn börnum á átakasvæðum sem hefur ekki verið meira frá því að mælingar hófust. Skýrslan leggur áherslu á ólík áhrif átaka á stúlkur og drengi.

Samtökin gáfu einnig út skýrsluna **Save our Education** sem fjallar um menntun barna á tímum Covid-19 faraldursins. Í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi menntunar fyrir börn, þrátt fyrir lokanir skóla.

Í skýrslunni **Protect a Generation** sem gefin var út á árinu má finna niðurstöður rannsóknar Barnaheilla – Save the Children um áhrif kórónuveirufaraldursins á börn. Um 25.000 börn og foreldrar þeirra tóku þátt í rannsókninni og sýna niðurstöður að börn sem búa við fátækt hafi orðið verst úti í faraldrinum.

Skýrslan **Global Girlhood Report** var kynnt 1. október 2020 og fjallar hún um stöðu stúlkna í heiminum. Í henni er meðal annars fjallað um áhrif kórónuveirufaraldursins á barnahjónabönd. Sagt var frá því að árlega eru um 12 milljónir stúlkna sem eru giftar

undir 18 ára aldri og vegna faraldursins er áætlað að 500.000 stúlkur bætist í þann hóp.

Önnur skýrsla sem fjallar um stöðu stúlkna var gefin út á árinu. Á alþjóðlegum degi stúlkna var skýrslan **Girls on the Move** kynnt en skýrslan fjallar um stöðu stúlkna á flótta og rétt þeirra til að láta í sér heyra.

## ERLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International að mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri helstu fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.

Á hverju ári er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2020, sem áætlað hafði verið að halda á Spáni, var haldinn í netheimum. Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður stjórnar Barnaheilla sótti fundinn ásamt Ernu Reynisdóttur framkvæmdastjóra og Guðrúnu Helgu Jóhannsdóttur aðstoðarframkvæmdastjóra. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg.

Þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og upplýsandi fram og þar skapast auk þess tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni sem varða réttindi og velferð barna.

Á árinu 2020 hófst 5 ára samstarfsverkefni Barnaheilla - Save the Children Albaníu, Sviss og Íslands, um að innleiða forvarnir gegn lífsstíllssjúkdómum í Albaníu. Litið er til Íslands um ráðgjöf og fræðslu um íslenska forvarnamódelið og jafnframt notast við heildrænt heilsueflandi hugmyndakerfi sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur þróað, en það er jafnframt nýtt á Íslandi í formi „Heilsueflandi“ verkefna sem stýrt er af Embætti landlæknis. Barnaheill fengu fulltrúa frá Heimili og skóla, Embætti landlæknis, SAMFOK og Heilsugæslunni til þátttöku í samstarfinu. Reyndsla og þekking frá Íslandi mun vonandi nýtast til að byggja upp heilsueflandi samfélag í Albaníu fyrir börn til framtíðar.



## **Barnaheill**

**Stjórn og starfsfólk Barnaheilla  
- Save the Children á Íslandi  
þakka öllum þeim sem hafa lagt  
samtökunum lið á árinu 2020.**

**Sérstakar þakkir fá þau ráðuneyti  
sem hafa stutt við einstök verkefni samtakanna  
og Heillavinir sem leggja samtökunum lið  
með mánaðarlegum framlögum.**

**Með stuðningnum  
er samtökunum gert kleift  
að vinna mikilvægt starf í þágu barna.**



# VIÐBÓTARSKÝRSLA FRJÁLSRA FÉLAGASAMTAKA UM STÖÐU RÉTTINDA BARNNA Á ÍSLANDI TIL BARNARÉTTARNEFNDAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Í júnímánuði 2020 sendu Barnaheill ásamt átta öðrum félagasamtökum, sem öll vinna að bættum réttindum barna, viðbótarskýrslu við 5. og 6. skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu Þjóðanna.

Barnaréttarnefndin hefur eftirlit með framfylgd Barnasáttmálans og til hennar ber öllum aðildarríkjum að skila stöðuskýrslum á fimm til tíu ára fresti.

Þátttaka af hálfu félagasamtaka er mikilvægur hluti af eftirliti nefndarinnar en með skýrsluskilum félagasamtaka er líklegra að nefndin fái upplýsingar um hvar viðkomandi ríki hefur ekki sinnt skyldu sinni nægjanlega vel við framfylgd Barnasáttmálans.

Viðbótarskýrslan inniheldur nærri 100 tillögur að úrbótum en helstu áhersluatriðin eru eftirfarandi:

- **Stjórnvöld hafa ekki sinnt skyldu sinni við innleiðingu Barnasáttmála SP**
- **Fjölga þarf tækifærum fyrir börn og ungmenni til að taka þátt – bæði almennt og jafnframt sértækt þannig að börn hafi meiri þátttöku í ákvörðunum um eigið líf.**
- **Stjórnvöld þurfa að tryggja betur aðstoð við börn af erlendum uppruna, fötluð börn og börn sem búa við fátækt.**

Lagt er til að stjórnvöld geri landsáætlun um innleiðingu sáttmálans og gefi út leiðbeiningar til þeirra sem taka ákvarðanir í málefnum barna um hvernig eigi að meta hvað sé barni fyrir bestu.

Stjórnvöld þurfa að sýna frumkvæði í að bjóða börnum að tjá skoðanir sínar í öllum aðstæðum og bera ábyrgð á að fræða almenning um tjáningarrétt barna óháð aldri. Sérstaklega skal tryggja aðstoð við börn af erlendum uppruna, fötluð börn, börn sem búa við fátækt og aðra hópa barna sem mæta hindrunum. Ennfremur er afar mikilvægt að íslenska ríkið undirriti og fullgildi þriðju valfrjálsu bókun Barnasáttmálans um kvörtunarleiðir til Barnaréttarnefndarinnar, og opni þannig aðgang fyrir börn til að kvarta undan meðferð stjórnvalda á málum sínum, án mismununar.

Nauðsynlegt er að setja á fót sjálfstæða mannréttindastofnun á Íslandi en hingað til hefur Mannréttindaskrifstofa Íslands, sem rekin er af frjálsum félagasamtökum, sinnt störfum mannréttindastofnunar.

Eftirlit og samræming á starfsemi barnaverndarnefnda er ábótavant að mati samtakanna og skal eftt til muna. Þá skulu barnaverndarnefndir verða skipaðar fagfólki og látið skal af pólitískum skipunum. Nú þegar þessi grein birtist hefur frumvarp barnamálaráðherra um breytingar á barnaverndarkerfinu verið lagt fyrir þing en í því koma fram tillögur um breytingar í samræmi við ábendingar í skýrslunni. Úttekt verði gerð á barnavernd fylgdarlausra barna sem sækja um alþjóðlega vernd.

Tryggja þarf að fötluð börn njóti tækifæra og mannréttinda sem þeim ber samkvæmt Barnasáttmálanum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til jafns við önnur börn. Vöntun er á áreiðanlegri tölfræði um stöðu þeirra til að hægt sé að grípa til ráðstafana til að tryggja réttindi þeirra og verja fyrir mismunum og ofbeldi. Stórauka þarf tækifæri til náms, vinnu, menningar og tómstunda fyrir fötluð börn og ungmenni og jafnframt að tryggja rétt þeirra til hjálpartækja, meðal annars fyrir börn sem búa á tveimur heimilum til að þau hafi raunveruleg tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu, eins og önnur börn.

Barnaheill skora á stjórnvöld að bæta um betur í umönnun, vernd og þátttöku barna og hvetja almenning til þess að kynna sér efni skýrslunnar og tala fyrir réttindum barna.